



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

ADALFUNDUR SSH
og
ÁRSFUNDIR BYGGÐASAMLAGANNA

Föstudaginn 18. nóvember 2022

Fundarstaður: Félagsgarður, félagsheimili Kjósarhrepps


DAGSKRÁ

- 12:30 – 12:45 SETNING
Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og fráfarandi formaður stjórnar SSH býður gesti velkomna og stýrir kjöri fundarstjóra.
- 12:45 – 14:15 **ÁRSFUNDIR BYGGÐASAMLAGANNA:**
Strætó bs.
Sorpa bs.
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- 14:15 – 14:30 **KAFFIHLÉ**
- ADALFUNDUR SSH:**
- 14:30 – 15:30 Hefðbundin aðalfundarstörf SSH:
*Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár.
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram til samþykktar
Tillaga um árgjald 2023 lögð fram til samþykktar.
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.
Tillaga um nýjar samþykktir SSH lögð undir atkvæði.
Nýr formaður tekur við.
Önnur mál.*
- 15:30 - 16:00 Létt kynning á helstu verkefnum SSH
- 16:00 – 16:30 Almennar umræður
- 16:30 FUNDARSLIT
Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og nýr formaður stjórnar SSH slítur fundi.

Boðið er upp á léttar veitingar í lok fundar

Stjórn SSH áskilur sér rétt til breytinga á dagskrá.

Fyrir hönd stjórnar SSH


Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Ákvæði samþykktar SSH um aðalfund samtakanna:

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur SSH skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert.

Fulltrúar á aðalfundinum með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt skulu vera allir kjörnir sveitarstjórnarmenn þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að SSH á hverjum tíma en varamenn þeirra skulu á sama hátt vera varafulltrúar þeirra á aðalfundinum, einnig stjórnarmenn SSH eða varamenn þeirra. Taki kjörinn sveitarstjórnarmaður sæti í stjórn SSH skal hann sitja fundinn sem slíkur en varamaður hans taka sæti sem fulltrúi á fundinum.

Eftirtaldir liðir skulu vera á dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.
5. Önnur mál sem stjórn SSH eða einstök sveitarfélög óska eftir að tekin verði til umræðu á aðalfundi.

Skoðunarmenn ársreikninga og tveir varamenn skulu koma úr hópi kjörinna aðalmanna í sveitarstjórnnum.

13. grein.

Samþykkt þessari verður aðeins breytt á aðalfundi SSH, enda hafi breytingartillögur verið kynntar með minnst mánaðarfyrirvara og þær hlotið samþykki með 2/3 hlutum atkvæða á aðalfundi.